

Ársskýrsla  
starfsárið 2009-2010

**Ársskýrsla** þessi greinir frá starfsemi Tæknifræðingafélags Íslands starfsárið 2009-2010. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan fastanefnda félagsins. Margir félagsmenn sitja í fastanefndum ár eftir ár og vinna félaginu mikið gagn. Sama máli gegnir um margar nefndir sem starfa tímabundið. Frá árinu 1994 hafa ýmsar nefndir verið skipaðar í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands.

Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ), Félag stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ (STFÍ) og landshlutadeildir, ATFÍ og NTFÍ, halda aðalfundi og leggja þar fram ársskýrslur sínar og ársreikninga.

Skýrslur nefnda og deilda sem borist höfðu þegar skýrsla þessi fór í prentun birtast hér en aðrar verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslunni.

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns .....	3
Áhersla á menntunarmál og símenntun	4
Útgáfa Árbókar og Verktækni .....	5
Samstarf heima og heiman.....	6
Fræðandi og skemmtilegt starf .....	9
Viðurkenningar og félagsgjöld .....	10
Ársreikningur félagssjóðs 2009 .....	11
Skýrslur deilda.....	12
Skýrslur sjóða KTFÍ .....	14
Viðburðir 2009-2010 .....	18

## Stjórn TFÍ 2009-2010

Bergþór Þormóðsson, formaður  
Jón Arnarson, varaformaður  
Benedikt Halldór Halldórsson  
Helgi Pétursson  
Anna Elín Jóhannsdóttir  
Þorleifur Magnús Magnússon  
Þór Sigurþórsson KTFÍ  
Árni Þór Árnason, varamaður KTFÍ  
Magnús Þór Karlsson STFÍ  
Ingvar Blængson, varamaður STFÍ

## Endurskoðendur

Daði Ágústsson, skoðunarmaður  
Hreinn Jónasson, skoðunarmaður  
Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

## Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.  
Sigrún S. Hafstein  
Þrúður G. Haraldsdóttir  
Guðríður Ó. Magnúsdóttir  
Þórunn Árnadóttir  
Ingigerður Jónsdóttir  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

## Ritstjóri Árbókar

Ragnar Ragnarsson



## Ávarp formanns

Ágætu félagar.

Á þessu ári fagnar Tæknifræðingafélag Íslands 50 ára afmæli. Félagið var stofnað 6. júlí 1960 af hópi tæknimenntaðra manna sem vildu öðlast viðurkenningu á námi sínu. Tæknifræðingsheitið var nýyrði sem þeir Halldór Halldórsson málfraeðingur og Árni Böðvarsson íslenskufraeðingur lögðu félaginu til. Félagið hefur ávallt staðið vörð um menntun tæknifræðinga og þær kröfur sem lagðar eru til grundvallar því að fá heimild til að nota starfsheitið. Starfsheitið tæknifræðingur er lögverndað. Hafa félagar okkar á hinum norðurlöndunum oft látið þess getið hversu staða tæknifræðinga er góð á Íslandi hvað þetta varðar. Tæknifræðingafélagið stuðlaði á árunum 1962 og 1963 að undirbúningsnámskeiðum fyrir þá sem hugðust halda utan til náms í tæknifræði. Mjög er mikils vísir því þetta reyndist upphafið að stofnun Tækniskóla Íslands sem stofnaður var árið 1964. Tækniskólinn varð síðar viðurkenndur sem háskóli, Tækniháskóli Íslands, sem síðar sameinaðist Háskóla Reykjavíkur.

Tæknifræðingafélagið var, ásamt Verkfræðingafélaginu, frumkvöull að stofnun Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands fyrir um þrjátíu árum. Sú menntastofnun hefur síðan vaxið og dafnað og veitir fjölda fólks endurmenntun á fjölmörgum sviðum vísinda og menningar.

Tæknifræðingar og verkfræðingar hafa í fjölda ára unnið saman að hagsmunamálum sínum og staðið saman að rekstri skrifstofu. Þó ekki hafi tekist að sameina félögin þá starfa þau saman sem ein heild, báðum stéttum til mikilla hagsbóta.

Miklar sviptingar urðu á vinnumarkaði tæknifræðinga á liðnu ári. Fjöldi starfa var lagður niður og atvinnuleysi hefur aukist. Aldrei fyrr í sögunni hafa jafn margir tæknifræðingar verið án atvinnu um lengri tíma eins og nú. Aldrei fyrr hafa tæknifræðingar þurft að sæta viðlíka aðhaldsaðgerðum af hálfu vinnuveitenda, en þar á ég við aðhaldsaðgerðir opinberra stofnana og fyrir-

tækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þessum stofnunum og fyrirtækjum hefur verið gert að hagræða og endurskipuleggja starfsemi sína og ná fram um 10% hagræðingu og lækkun rekstrarkostnaðar.

Félagið hefur ekki farið varhluta af þeim mikla umsnúningi sem orðinn er á vinnumarkaði. Byggingariðnaðurinn hefur nánast verið lagður af með þeim afleiðingum að mörg þjónustufyrirtæki standa uppi verkefnalítill. Verkfæðistofur, sem eru stór vinnuveitandi tæknifræðinga, hafa þurft að segja upp fjölda starfsmanna. Mjög erfitt er að sjá á eftir þekkingu og reynslu sem með þessum hætti fer frá fyrirtækjunum.

Fjöldi tæknifræðinga hefur leitað til félagsins eftir aðstoð vegna breytinga eða vanefnda á kjarasamningum. Einnig hafa þó nokkrir leitað til félagsins vegna áforma um að hefja störf erlendis. Skrifstofa félagsins hefur haft í mörg horn að líta vegna þessara breyttu aðstæðna. Þeim tæknifræðingum sem leitað hafa til skrifstofu félagsins er ljóst hversu mikilvægu hlutverki hún gegnir við öflun og miðlun upplýsinga.

Starf félagsins hefur óneitanlega miðast töluvert við þessar aðstæður. Félagið hefur fylgst með viðræðum samninganefnda við vinnuveitendur og veitt liðsinni eins og kostur er. Samningsstaða félaganna er ekki sterk og munu tæknifræðingar bíða átekta gagnvart endurnýjun kjarasamninga og sjá hverju fram vindur á hinum almenna vinnumarkaði.

Félagið stendur traustum fótum. Fjárhagur er traustur og hefur félögum fjölgað jafnt og þétt á undanförunum miss-erum. Auðvitað er það von okkar sem stöndum í forystusveit félagsins að sem flestir sjái ástæðu til að ganga til liðs við félagið.

Félagið hefur á þeim 50 árum sem liðin eru frá stofnun þess fylgst vel með og tekið nauðsynlegum breytingum. Kröfum sem uppfylla þarf til að fá leyfi til að nota starfsheitið hefur hvergi verið hliðrað. Við höfum

fylgst með þróun mála í nágrannalöndunum og oft á tíðum fundist heldur hafa verið gefið eftir hvað starfsheitið varðar. Menntunin eru þau verðmæti sem vinnuveitendur eru að sækjast eftir þegar þeir ráða til sín tæknifræðinga. Það er því mikilvægt að standa vörð um menntun þeirra sem vilja kalla sig tæknifræðinga að námi loknu. Félagið er í góðu samstarfi við Háskóla Reykjavíkur og Keili, háskólann á Miðnesheiði en þar er nú boðið nám í tæknifræði.

Stjórn félagsins vill þakka starfsfólki skrifstofunnar fyrir þeirra vinnu, en það eru ótalin erindin sem koma að borði starfsmanna skrifstofunnar vegna umsókna í sjóði félagsins eða vegna atvinnu eða lögfræðilegra fyrirspurna.

Einn af okkar dyggu starfsmönnum glímur nú við erfið veikindi. Óskum við Þrúði alls hins besta í hennar baráttu. Er það von okkar að hún fljótlega til starfa af fullum krafti. Logi Kristjánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, hefur hlaupið í skarðið fyrir Þrúði og sinnt hennar verkefnum. Hún hefur þó verið viðloðandi skrifstofuna og sinnt brýnum erindum eins og kostur hefur verið.

Samrekstur félaganna hefur verið með ágætum og hefur rekstrarmódelið sannað sig ágætlega. Ekki hefur þurft að gera nema smávægilegar lagfæringar til að kostnaðarskipta starfi skrifstofunnar rétt. Góð sátt er um skiptingu kostnaðar, af rekstri skrifstofunnar milli félaganna, VFÍ, SV, KTFÍ og TFÍ.

Stjórn félagsins hefur lagt til að félagsgjöldin verði óbreytt á næsta ári, þrátt fyrir að starfsemi skrifstofunnar verði umfangsmeiri. Gera má ráð fyrir að aukinn fjöldi tæknifræðinga leiti aðstoðar skrifstofunnar á næstu misserum vegna kjarasamninga, uppsagna eða annarra mála. Félagið mun hér eftir leitast við að veita sem besta þjónustu og veita ráðgjöf og upplýsingar eftir bestu getu á hverjum tíma.

*Bergþór Þormóðsson, formaður TFÍ.*

## Menntunarnefnd TFÍ

### Menntunarnefnd TFÍ var á starfárinu skipuð eftirtöldum:

Jóhannes Benediktsson, formaður  
Bergþór Þormóðsson  
Einar H. Jónsson  
Freyr Jóhannesson  
Magnús Matthíasson  
Nicolai Jónasson  
Páll Á. Jónsson

Frá aðalfundi 2009 hafa verið haldnir átta fundir í Menntunarnefnd TFÍ. Á öllum fundum nefndarinnar hefur verið fjallað um umsóknir um inngöngu í TFÍ, leyfi til að kalla sig tæknifræðinga eða ósk um endurinnkomu í félagið. Nokkuð dróg úr umsóknum nýrra félaga frá fyrri árum. Mikil fjölgun varð á umsóknum um starfsheiti án þess að sótt væri um inngöngu í félagið. Af 51 umsóknum voru 23 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir félagar í TFÍ

### Verkefni nefndarinnar

Auk afgreiðslu umsókna á fundum nefndarinnar er ávallt fjallað um menntunarmál tæknifræðinga, þá sérstaklega inntökuskilyrði, námslengd, samsetningu námsins og atvinnuskilyrði tæknifræðinga að námi loknu. Aukin fjölbreytni í námi samhliða fjölgun námsbrauta í THÍ og síðar HR hefur leitt til aukins fjölda nemenda í tæknifræðinámi. Við slíka breytingu er þó mikilvægt að þess verði ávallt gætt að hyggja vel að undirstöðugreinum tæknifræðinnar þannig að ekki verði dregið úr námskröfum heldur verði gerðar auknar kröfur í þessum greinum.

Tegund umsókna	2009-2010	2008-2009
Innganga og starfsheiti	19	49
Endurinnnganga	4	7
Starfsheiti	21	5
Ungfélagaaðild	4	1
Hafnað, ekki talið upp áður	7	5
Heildarfjöldi umsókna	55	67

### Samstarf HR og TFÍ

Fulltrúar Menntunarnefndar TFÍ áttu tvo fundi á tímabilinu með forsvarsmönnum Háskóla Reykjavíkur þar sem farið var yfir samsetningu námsins í skólanum. TFÍ hefur tilnefnt eftirtalda þrjá fullrúa í samstarfsnefnd HR:

Jóhannes Benediktsson,  
byggingatæknifræði  
Bergþór Þormóðsson,  
rafmagnstæknifræði  
Nicolai Jónasson, véltæknifræði

### Samstarf við Keili

Fulltrúar MTFÍ áttu fundi með forsvarsmönnum KEILIS varðandi undirbúning og skipulagningu tæknifræðináms sem ráðgert er að hefja síðari hluta ársins 2009. Undirbúningsvinnan gekk vel fyrir sig þar sem finna mátti mikinn metnað hjá fulltrúum skólans um að gera námið áhugavert og krefjandi fyrir nemendur og uppfylla kröfur atvinnulífsins.

### Skilgreining tæknifræðináms

Meiri hluti þeirra sem sækja um leyfi til að kalla sig tæknifræðing falla undir hefðbundnar skilgreiningar í véla-, rafmagns- eða byggingartæknifræðinga. Hins vegar er sífellt algengara að fólk sækji nám utan þessara greina. Ég tel að félagið eigi að huga að því á næsta starfsári að skilgreina betur hvaða nám þeir verði að hafa sem vilja kalla sig tæknifræðinga. Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum í nefndinni fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Nefndin er skipuð afar reynslumiklum einstaklingum sem setið hafa í nefndinni til margra ára og geta miðlað af reynslu sinni þegar afgreiða þarf „óhefðbundnar umsóknir“.

*Jóhannes Benediktsson, formaður.*



## Útgáfa Árbókar og Verktækni

### Útgáfunefnd TFÍ og VFÍ

Starfsemi útgáfunefndar var með hefðbundnum hætti á síðastliðnu starfsári. Ein breyting varð á skipan hennar. Ólafur Pétur Pálsson, sem setið hafði í nefndinni í sex ár, hætti og í hans stað kom Bjarni Bessason sem jafnframt tók við formennsku. Ólafi Pétri eru þökkuð vel unnin störf. Aðrir fulltrúar útgáfunefndar eru Kristinn Andersen frá VFÍ, Árni Þór Árnason og Óli Jón Hertervig frá TFÍ og ritstjóri Árbókarinnar, Ragnar Ragnarsson.

Árbók VFÍ/TFÍ 2009 kom út í lok nóvember 2009 og var að þessu sinni 349 síður. Eftir ávörp formanna VFÍ og TFÍ og inngang ritstjóra er kafli sem fjallar um félagsmál félaganna tveggja, sameiginlegan rekstur þeirra og lokaverkefni nemenda við háskólana tvo auk þess er listi yfir nýja félag. Þar á eftir er tækniannáll, þar sem fjallað er um þróun efnahagsmála, orkuveitur (framkvæmdir), eldsneytisspá fyrir 2008-2050, hafnarframkvæmdir, Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og vegamál. Því næst eru kynningar og tæknigreinar fyrirtækja og stofnana, í allt átján talsins. Þá eru þrjár ritrýndar vísindagreinar birtar að þessu sinni, en þær hafa ekki verið færri í meira en tíu ár. Þessum greinum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2007 og er það ákveðið áhyggjuefni. Loks voru í Árbókinni 14 tækni- og vísindagreinar um margbreytileg viðfangsefni. Ragnari Ragnarssyni er þakkað gott samstarf og styrk ritstjórn. Fjöldi útgefna eintaka var 2430.

Alls komu út sjö tölublöð af Verktækni á árinu 2009 en undanfarin ár hafa verið gefin út tíu blöð á ári. Ástæða þess að færri tölublöð voru gefin út er samdráttur á auglýsingamarkaði en prentvinnsla og dreifing blaðsins er fjármögnuð með auglýsingum. Upplag blaðsins var sama og áður eða 3.300 eintök. Er því dreift til allra félagsmanna VFÍ, TFÍ og SV auk fyrirtækja, fjölmiðla og helstu stofnana.

Verktækni hefur verið vettvangur fyrir alla verkfræðinga og tæknifræðinga til þess að koma sínum sjónarmiðum og hugðarfennum á framfæri. Eins eru í því birtar fróðlegar greinar um ráðstefnur og skoðunarferðir félaganna, auk viðtala um áhugaverð efni. Verktækni er einnig vettvangur stjórna félaganna þriggja, VFÍ, TFÍ og SV til þess að koma nauðsynlegum upplýsingum til félagsmanna. Sigrún Hafstein var ritstjóri blaðsins, eins og undanfarin ár, og er henni þakkað ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Í blaðnefnd voru þau María S. Guðjónsdóttir frá SV, Bjarni Bessason frá VFÍ og Árni Þór Árnason frá TFÍ. Útgáfunefnd þakkar öllum hlutaðeigandi samstarfið og biður félaganna að koma til hennar ábendingum og tillögum að því sem ef til vill betur mætti fara.

*Bjarni Bessason, formaður.*

### Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ, AV og SV

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ, AV og SV (ENSÍM) starfar að endurmenntunarmálum félaganna. Á starfsárinu voru haldnir fundir með starfsmönnum Endurmenntunar Háskóla Íslands um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga.

VFÍ og TFÍ hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ og eru því heiðursstarfsaðilar Endurmenntunar. Í septembermánuði 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning Endurmenntunar HÍ og félaganna þriggja, VFÍ, TFÍ og SV. Markmið samningsins er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum VFÍ, TFÍ og SV valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

ENSÍM-nefndin, vinnur að því að auka framboð af námskeiðum og eru m.a. niðurstöður fræðslukannana hafðar til hliðsjónar.



## Samstarf heima og heiman

### Löggildingarnefnd TFÍ

Í Löggildingarnefnd TFÍ sitja eftirtaldir: Árni Guðni Einarsson, rafmagnstæknifræðingur, Ragnar Kristinsson véltæknifræðingur og Ragnar Georg Gunnarsson byggingatæknifræðingur, formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt fimm fundi og voru tekin fyrir 13 mál á starfsárinu. Allar umsóknir voru frá byggingatæknifræðingum og veku furðu að hvorki rafmagns- né véltækni-fræðingar sækja um löggildingu hjá félaginu. Samþykktar voru 11 umsóknir en tveimur var frestað.

Frágangur á bréfum og umsóknum til nefndarinnar hefur batnað til mikilla muna frá því sem áður var og telst góður.

Nefndarmenn þakka starfsfólki á skrifstofunni gott samstarf.

*Ragnar G. Gunnarsson, formaður.*

### Samstarf við Nýsköpunarmiðstöð

Samstarfssamningur félaganna við Nýsköpunarmiðstöð, sem undirritaður var í febrúar 2009 hefur gefið góða raun. Samningurinn kveður á um aðstoð við sköpun atvinnutækifæra fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Samningurinn varðar m.a. vinnuáðstöðu til frumkvöðlavinnu og ýmiss konar aðstoð og stuðning. Á fundum með starfsfólki NMÍ kom fram ánægja þeirra með afrakstur samstarfsins. Bæði hafa félagsmenn nýtt sér handleiðsluviðtöl og eins hefur þeim gengið vel að fá styrki til verkefna.

### Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar

Tilgangur félagsins er m.a. stuðla að góðri stærðfræðikennslu á grunnskólastigi.

Einn fundur var haldinn í stjórn félagsins en fyrir hann höfðu Samtök iðnaðarins sagst vilja slíta félaginu. Þau telja það hafi komið góðum verkum áleiðis sem unnt er að vinna áfram án þess að reka til þess sérstakt félag. Aðrir stjórnarmenn töldu ávinning af því að hafa áfram til formlegt félag sem samræðu- og samráðsvettvang. Niðurstaðan varð að félagið haldi áfram starfsemi á breyttum grunni. Tilgangur félagsins sé fyrst og fremst að vera samráðsvettvangur stofnaðila. Núverandi eignir verða notaðar í þágu málstaðar og verkefna sem félagið berst fyrir.

### Norðurlandasamstarf

#### Nording

Aðalfundur Nording var haldinn Svíþjóð dagana 20. - 21. ágúst 2009. Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Á fundinn mættu formenn og framkvæmdastjórnar félaganna og á fundinum var EIK (Estonian Union of Professional) í Eistlandi veitt full aðild að Nording.

Tíu félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 445 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.



Á fundinum báru fulltrúarnir saman bækur sínar varðandi stöðu mála á vinnu- markaði og helstu verkefni hvers félags. Eðli málsins samkvæmt var umræðan um efnahagsmál og hrun áberandi á fundinum.

Nording er með heimasíðu og á henni er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er : <http://www.nording.org/>

### ANE

ANE (Association of Nordic Engineers) er til- tölulega nýr samstarfsvettvangur sem fé- löginn í Danmörku, Svíþjóð og annað af tveimur félögum í Noregi, hafa sett á lag- irnar til að sinna sérstaklega samskiptum við Evrópusambandið. Starfsmaður ANE kynnti starfið og kom þar margt fróðlegt

fram. Meðal verkefna sem kynnt voru var þátttaka í loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, framtíðarvinna með Lissabon- sáttmálann, ýmis verkefni í vinnurétti, Blue Card (aðgangskort fyrir sérhæft starfsfólk frá löndum utan EES svæðisins) og vinna við þróun á tengslaneti við Evrópusam- bandið og ráð og nefndir þess. Norrænu félögin hafa ekki verið samstíga í þessu starfi en segja má að IDA sé aðaldrifffjórðurin í því.

### Heimsókn IDA

Dagana 29.-30. apríl voru staddir hér á landi tveir fulltrúar IDA, danska verkfræðinga- og tæknifræðingafélagsins. Lars Bytoft, for- maður félagsins og Ib Oustrup fram-

kvæmdastjóri funduðu með forsvarsmön- num VFÍ, TFÍ og SV og ræddu ýmis málefni er varða rekstur og þjónustu félaganna, kjar- mál og vinnu- og markaði. Þeir voru gestir á Samlokufundi 29. apríl og kom fram að IDA vill gjarnan aðstoða félögin og ekki síður þá félagsmenn sem hafa hug á að reyna fyrir sér á dönskum vinnu- og markaði.

Á fundinum kynnti Lars Bytoft þá aðstoð sem IDA getur veitt. Í gildi er samkomulag milli norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomu- lagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands sín.

### Samstarf við Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga

Nú eru rúm tvö ár síðan rekstur sameigin- legrar skrifstofu VFÍ, TFÍ og SV hófst. Ekki er hægt að segja annað en að markmiðin hafi náðst og gott betur. Samstarf félaganna hefur aukist jafnt og þétt og er það góðs viti fyrir framtíðina. Starfsemin skiptist í þrjú svið:

Kjarasvið, útgáfu- og kynningarsvið og fag- og fjármálasvið. Þrjúdur G. Haraldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármála- sviði og er hann jafnframt framkvæmda- stjóri félaganna.



## Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum verkfræðingafélaga og tæknifræðingafélaga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir, og standa VFÍ og TFÍ sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á um að hafa formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti, og hefur fulltrúi VFÍ, Steindór Guðmundsson, gegnt formennsku í nefndinni síðastliðið starfsár. Nefndarmenn á starfsárinu voru Jóhannes Benediktsson, Eiríkur Þorbjörnsson og Páll Á. Jónsson fyrir TFÍ og Steindór Guðmundsson, Guðleifur M. Kristmundsson og Sigurður Brynjólfsson fyrir VFÍ. Jón Vilhjálmsson situr auk þess í nefndinni sem formaður Eftirlitsnefndar FEANI á Íslandi.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem nú eru 32 talsins eftir aðalfundinn 2009. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir, og nú var það Steindór Guðmundsson.

FEANI starfar einkum í þremur málaflokkum, og haldnir eru nokkrir fundir á ári, þar sem fulltrúar aðildarlandanna hittast og vinna að viðkomandi málaflokki. Þessir málaflokkar eru í fyrsta lagi endur- og símenntunarmál (Continuing Professional Development, CPD). Í öðru lagi eru það menntamál, úttekt á námsbrautum og eftirlit með veitingu Eur.Ing. titilsins (European Monitoring Committee, EMC). Í þriðja lagi eru svo Evrópumálin, áhrif tæknimanna í Evrópu og samskipti við ESB.

Íslandsnefnd FEANI hefur ekki tekið virkan þátt í fundum um þessa málaflokka hingað til, nema þeim fundum sem haldnir eru í tengslum við ársfundinn á hverju ári.

## Ársfundur FEANI

Ársfundur FEANI 2009 var haldinn 30. sept – 2. okt 2009 í Den Haag í Hollandi. Þátttakendur frá nánast öllum aðildarþjóðunum sóttu fundinn, auk starfsfólks skrifstofunnar í Brussel. Aðalfundurinn sjálfur var haldinn 2. október, en hina dagana voru fundir á vegum CPD og EMC.

Einnig var haldinn kynningar- og umræðufundur ("workshop") í hálfan dag um mikilvægustu verkefni og framtíðarstarfsemi FEANI. Fram kom hjá flestum að mikilvægustu verkefni FEANI væru vottun ("accreditation") og viðurkenning ("recognition") skóla og námsbrauta svo og að auðvelda hreyfanleika verkfræðinga og tæknifræðinga milli landa ("mobility"). Þá var einnig lögð áhersla á hlutverk FEANI sem



## Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

þrýstihóps gagnvart þingi og stjórnkerfi Evrópusambandsins til að vinna að framgangi tæknimála og að gæta hagsmuna tæknimanna í Evrópusambandinu.

## Greinargerð um helstu málefni aðalfundar

Forseti FEANI, Lars Bytoft frá Danmörku, flutti skýrslu stjórnar, þar sem m.a. kom fram að fjárhagur FEANI er áfram í góðu lagi. Góðar heimtur hafa verið á árgjöldum til FEANI og reikningar voru samþykktir ásamt fjárhagsáætlun. Árgjöldin verða óbreytt næsta ár.

Farið var yfir nokkur verkefni sem hafa verið í gangi hjá FEANI.

Helsta verkefnið hefur verið nýtt gæðamatskerfi fyrir háskóla og tækniháskóla sem kenna verkfræði og tæknifræði: "ENAAE / EUR-ACE accreditation". 1. okt. 2009 höfðu 350 námsbrautir fengið þessa nýju vottun, og hafa þær verið teknar upp í FEANI-INDEX ásamt öðrum viðurkenndum námsbrautum. Flestar af þessum 350 námsbrautum eru við skóla sem ekki hafa áður verið vottaðir, m.a. í Rússlandi, en Írar hafa til dæmis keyrt sitt skólakerfi í gegnum þessa nýju gæðavottun.

Annað verkefni er um svokallað ENGICARD - skírteini sem á m.a. að auðvelda fólki að flytja sig milli landa og að fá vinnu í öðrum Evrópulöndum. Þetta verkefni hefur verið á döfinni í nokkur ár, og m.a. fengið styrk frá ESB, en vegna lítills áhuga aðildarlanda FEANI, er ekki líklegt að það verði sett í framkvæmd.

Þriðja verkefnið er síðan þátttaka FEANI í ESB-verkefni um röðun háskóla "Ranking of Universities", sem er að fara af stað. Í fyrsta

áfangi verða skoðaðar háskólar eða deildir sem kenna annars vegar verk- og tæknifræði og hins vegar hag- og viðskiptafræði.

Í lok fundarins voru greidd atkvæði um inngöngu Króatíu í FEANI, sem var samþykkt nánast samhljóða. Þar með eru aðildarþjóðirnar orðnar 32.

Næsti aðalfundur verður haldinn haustið 2010 í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu, og 2011 verður aðalfundurinn haldinn í Genf í Sviss.

Veffang: [www.feani.org](http://www.feani.org)

*Steindór Guðmundsson,  
formaður Íslandsnefndar FEANI.*

## VerkTækni golfmótið

Árlegt golffeinvígi verkfræðinga og tæknifræðinga, VerkTækni Ópið, var haldið í þrettánda sinn. Mótið fór fram á golfvelli Golfklúbbs Kiðjabergs 20. ágúst og þótti takast vel. Verkfræðingar fóru með sigur af hólmi í sveitakeppninni í annað sinn í röð, sem telst til tíðinda því tæknifræðingar hafa verið harðir í horn að taka.

Leikar fóru þannig að verkfræðingar unnu sveitakeppnina með 12 höggum eða 449 höggum á móti 461 höggi tæknifræðinga. Besta skor fimm golfara úr hvoru liði ræður úrslitum.

Boðið var upp á kvöldverð í veitingasal golfskálans og einnig fór þar fram verðlaunaafhending.

## Skoðunarferð í Kárahnjúkavirkjun

Félög verkfræðinga og tæknifræðinga stóðu fyrir fimm skoðunarferðum á virkjanasvæðið að Kárahnjúkum á árunum



2003-2007. Þegar styttest í verklok var ákveðið að halda austur á ný og var blásið til ferðar laugardaginn 3. október 2009. Þátttakendur voru 45 talsins og var farið um virkjanasvæðið með dyggri leiðsögn Guðmundar Péturssonar yfirverkefnisstjóra. Verklokahátíð var haldin í Fljótsdalsstöð deginum áður að viðstöddu fjölmenni. Var það síðasta embættisverk Friðriks Sophussonar, fráfarandi forstjóra Landsvirkjunar.

### Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 22 og 23 er merki um öflugt og fjölbreytt starf. Samrekstur skrifstofu VFÍ, TFÍ og SV hefur reynst vel og samstarf félaganna er gott. Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir. Fundir

og námskeið tóku vissulega mið af breyttum aðstæðum á vinnumarkaði eins og árið á undan eins og sést best á fyrirnefndum lista.

### Nýsköpun í verki

Föstudaginn 8. maí stóðu VFÍ, TFÍ og SV fyrir ráðstefnu um framsækin fyrirtæki í tæknigreinum. Yfirskrift ráðstefnunnar var: *Nýsköpun í verki* og var haldin í Öskju. Markmiðið var að draga fram nýjungar í verkfræði og tæknifræði og kynna verkefni þar sem Íslendingar eru framarlega á sviði nýsköpunar.

Kynnt voru sjö fyrirtæki sem eru misjafnlega langt komin en eiga það þó sameiginlegt að vera komin vel á skrið, sum eru meðal þeirra fremstu í heiminum á sínu sviði. Hvatinn að ráðstefnunni var umræðan um nýsköpun sem leið út úr efnahags-

vanda þjóðarinnar. Ráðstefnan gaf þátttakendum færi á að kynnst starfsemi framsækinna tæknifyrirtækja sem eru að skapa raunveruleg verðmæti í dag.

### Rýni 2009

Allt frá árinu 1998 hefur Tæknifræðingafélag Íslands skipulagt árlegar námsferðir á erlenda grund fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga. Ferðirnar, sem ganga undir nafninu Rýnisferðir, hafa frá upphafi verið afar vinsælar og oft hafa færri komist að en viljað. Samtals hafa tæplega 700 þátttakendur tekið þátt í Rýnisferðunum.

Í ár hélt 58 manna hópur til Noregs, nánar tiltekið til Osló þar sem dvalið var í fjóra daga. Noregur varð fyrir valinu vegna mikillar umræðu á Íslandi á liðnu ári um góða stöðu norsks atvinnulífs, sem hefur ekki orðið fyrir jafn miklum áföllum og hið íslenska. Ferðin var skipulögð í samvinnu við norska tæknifræðingafélagið NITO sem telur um 60 þúsund félagsmenn.

### Samstarf við HR

Tæknifræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í tæknifræði hér á landi. Móttökur fyrir tæknifræðinema eru fastur liður og við það tækifæri er þeim kynnt starfsemi félagsins. Einnig fara formaður og framkvæmdastjóri til Danmerkur til að kynna nemendum í tæknifræði félagið og ræða við þá um námið og atvinnumöguleika að því loknu.






## Félagafjöldi og félagsgjöld

### Félagsgjöld 2010

Fyrir aðalfundi liggur tillaga um óbreytt félagsgjöld, eða krónur 28 þúsund. Í línuritinu má sjá félagsgjöldin miðað við launavísitölu í janúar 2010. Í upphafi ársins 2000 voru félagsgjöldin 41.225 miðað við vísitölu í janúar 2010.

**Félagsgjöld miðað við launavísitölu í janúar 2010**




### Félagafjöldinn

Stjórn TFÍ hefur lagt sig fram um að fá fleiri tæknifræðinga til að gerast félagar í TFÍ. Öflugt og fjölbreytt starf og góð tengsl við Háskólann í Reykjavík laðar tæknifræðinga að félaginu. Því miður hefur þeim nýútskrifuðu tæknifræðingum sem sækja um aðild fækkað og er nauðsynlegt að snúa þeirri þróun við. Hér á síðunni er graf sem sýnir þróun félagafjöldans frá árinu 1999 til 2010.

Nú eru félagsmenn 1078 þar af 34 ungfélagar og 46 konur. Konur eru því rétt um 4,3% félagsmanna.

**Fjöldi félagsmanna TFÍ í ársbyrjun 2000-2010**



## Ársreikningur félagssjóð 2009

### Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Tæknifræðingafélags Íslands, fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, sundurliðanir nr. 1-18 og yfirlit vegna innheimtu. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins tæpum 1.451 þkr., en rekstrartekjur námu tæpum 18,8 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 16,2 mkr. en heildarskuldir tæpum 8,3 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 7,9 mkr. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 7,4 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess hinn 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og máli skipta.

Reykjavík, 12. febrúar 2009.

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

### Rekstrarreikningur félagssjóðs TFÍ 2009

	2009	2008
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	18.765	18.364
Rekstrartekjur alls	18.765	18.364
<i>Rekstrargjöld</i>		
Einstök verkefni	8.475	8.080
Húsnæðisk.sala á jarðhæð	851	758
Skrifstofukostnaður	2.559	4.858
Rekstrargjöld alls	11.885	13.696
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	6.880	4.668
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Árbók og Verktækni	2.464	2.353
Félagakerfi, húsbúnaður og fjarfundabúnaður	1.419	1.277
Fundir, ráðstefnur, tæknidagar og kynningarstarf	752	1.005
Innlent og erlent samstarf	1.676	1.630
Annað	0	-44
Aðrar tekjur og gjöld alls	6.311	6.221
Hagnaður/tap án vaxtatekna og -gjalda	569	-1.553
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	882	1.328
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	1.451	-225

### Efnahagsreikningur félagssjóðs TFÍ 31.12.2009

	2009	2008	2009	2008
<i>Eignir</i>				
Fastafjármunir	560	1.119		
Veltufjármunir:				
Skammtímaskuldir	1.695	2.391		
Handbært fé:	16.317	2.041		
Samtals eignir	16.217	13.888		
<i>Skuldir og eigið fé</i>				
Eigið fé:				
Óráðstafað eigið fé	7.934	6.628		
<i>Skuldir:</i>				
Skammtímaskuldir	8.283	7.260		
Samtals skuldir og eigið fé	16.217	13.888		

Við undirritaðir félagskjörnir endurskoðendur Tæknifræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 16. mars 2010.

Daði Ágústsson  
Hreinn Jónasson



## Skýrslur deilda

### Faghópur um hljóðhönnun

#### Stjórn faghópsins

Steindór Guðmundsson, formaður  
Sigurður Karlsson, meðstjórnandi  
Bergþóra Kristinsdóttir, meðstjórnandi  
Félag um hljóðhönnun (eða hljóðtækni eða hljóðverkræði) var stofnað haustið 2006 sem faghópur innan vébanda VFÍ og TFÍ. Í ágúst 2008 stóð félagið fyrir alþjóðlegri hljóðhönnunarráðstefnu á Íslandi B-NAM 2008. Þetta er norræn ráðstefna sem haldin er annað hvert ár til skiptis af norrænu faghélagunum um hljóðhönnun, og Eystrasaltslöndin hafa einnig átt aðild að henni síðastliðinn áratug. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi ráðstefna er haldin á Íslandi.

Faghópurinn virkar út á við sem sérstakt félag, og er aðili að evrópskum samtökum hljóðtæknifélaga EAA (European Acoustics Association) og samsvarandi norrænum samtökum líka NAA (Nordic Acoustics Association). B-NAM ráðstefnan er haldin í þeirra nafni annaðhvert ár, og verður haldin í Bergen vorið 2010. Formaður Faghópsins sótti aðalfundi beggja þessara samtaka, sem haldnir voru í Edinborg í október 2009, á sama tíma og ráðstefnan Euronoise 2009.

Á starfsárinu hefur vinnuhópur á vegum Faghópsins unnið að gerð nýs staðals í samvinnu við Byggingastaðlaráð, og hafa fundir verið haldnir nánast einu sinni í viku í um það bil eitt ár. Í byrjun mars 2010 var lokið við vinnuskjal, sem ætluin er að kynna og senda til umsagnar áður en lengra verður haldið. Staðallinn er útvíkkun á staðlinum ÍST 45 frá 2003: „Hljóðvist - Flokkun íbúðarhúsnæðis“, en hann var á ensku og fjallaði eingöngu um íbúðarhúsnæði. Nýi staðallinn er á íslensku og fjallar um íbúðarhús-

næði en einnig um húsnæði fyrir leikskóla, skóla, sjúkrahús, heilsugæslu, hótél, skrifstofur o.fl.

Faghópurinn er opinn öllum þeim sem áhuga hafa á hljóðhönnun og hljóðvist innanhúss og utanhúss. Þeim sem hafa áhuga á að starfa með félaginu er bent á að skrá sig hjá skrifstofu VFÍ/TFÍ/SV og koma netfangi sínu á póstlista faghópsins. Meðlimir í hópnum eru nú um 45 talsins.

*Steindór Guðmundsson, formaður.*

### Ársskýrsla NTFÍ

#### Aðalfundur

Aðalfundur NTFÍ var haldinn miðvikudaginn 28. mars 2009. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Stefán Steindórsson var endurkjörinn formaður og Ólafur Baldvinsson gjaldkeri og Tómas Björn Hauksson ritari voru einnig endurkjörnir.

Varamenn voru endurkjörnir þeir Steinar Magnússon og Ólafur Sigurðsson.

Endurskoðendur voru endurkjörnir Birgir Baldursson og Heimir Gunnarsson.

#### Síldarkvöld

Árlegt síldarkvöld NTFÍ og NVFÍ var haldið með skemmri skírn að loknum aðalfundarstörfum. Björn Gunnarsson rektor RES orkuskóla flutti erindi um starfsemi skólans og fundarstjórnin, Franz Árnason forstjóri Norðurorku, flutti erindi um þeistareyki.

#### Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað fimm sinnum á starfsárinu. Þessir fundir hafa allir nema einn verið haldnir með stjórn NVFÍ. Fundirnir hafa verið misjafnlega mikið bókaðir. Möguleikar á

sameiningu Norðulandsdeilda voru athugaðir. Samkvæmt móðurfélögunum mátti ekki leggja niður núverandi félög, heldur bæta við nýrri yfirstjórn beggja félaga. Þetta hefði síst einfaldað stjórnunarhætti og mönnun stjórnanna og því ákveðið var að halda óbreyttu fyrirkomulagi um sinn.

#### Haustferð

Farið var í kynningarferð til Siglufjarðar 17. október, alls um 20 manns. Komið var við hjá Sigurjóni Magnússyni, slökkvi- og sjúkrabílasmið og farið í gegnum Héðinsfjarðargöng í fylgd með Oddi Sigurðssyni frá Geotek. Á Siglufirði heim sóttum við í fylgd Sigurðar Hlöðverssonar og Ólafs Sigurðssonar Rauðku, Primex, SR-vélaverkstæði, fiskimjölsværksmiðjuna, JE-vélaverkstæði, Síldarminjasafnið og litum á snjóflóðavarnargarðana. Að loknum kvöldverði var lagt af stað til Akureyrar um Lágheiði í stórhrið og þæfingi.

#### Ferð í Hof menningarhús

Til að fylgja eftir fyrri heimsókn var þann 10. mars farin var stutt skoðunarferð um Hof í fylgd Magnúsar Garðarssonar hjá Fasteignum Akureyrarbæjar.

#### Lokaorð

Það starfsár sem hér hefur verið gerð grein fyrir hefur verið frekar rólegt hvað félagsstarfið varðar. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við NVFÍ með miklum ágætum.

Stjórn NTFÍ vill þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari þátttöku félaga á því starfsári sem framundan er.

*Stefán Steindórsson, formaður.*



## Skýrsla stjórnar STFÍ fyrir starfsárið 2009-2010

Aðalfundur STFÍ fyrir starfsárið 2008-2009 var haldinn þann 10. mars 2009.

### Kjörnir í stjórn:

Daði Ágústsson, formaður  
Magnús Þór Karlsson, meðstjórnandi (gjaldkeri)  
Ingvar Blængsson, meðstjórnandi (ritari).

### Stjórnarfundir STFÍ

Stjórn STFÍ hélt þrjá formlega stjórnarfundir á starfsárinu sem færðir voru til bókar.

### Fundir

Aðalfundur STFÍ þann 10. mars var haldinn kl. 12.00 í hádeginu og mætti einn maður fyrir utan stjórnarmenn og er það sama mæting frá því árið á undan.

Stjórn STFÍ stóð fyrir tveimur uppákomum á starfsárinu í formi fyrirlestra og námskeiða.

Stjórn STFÍ hafði samband við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík, en það er eining innan HR sem sinnir símenntun og þjónustu á sviði atvinnulífsins með fjölbreyttu námskeiðahaldi og fyrirlestrum.

Fyrsti fundur vetrarins í boði STFÍ var á sama formi og hinir vinsælu samlokufundir VFÍ og TFÍ sem eru að jafnaði haldnir fyrsta fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 10. nóvember í hádeginu og bar heitið „Evrópumálin í hnotskurn“. Fyrirlesari var Kristján Vigfússon forstöðumaður Evrópufræða við HR. Fundarefnið var í stórum dráttum um samunapróun og lagaupþygingu ESB og EES

og áhrif hennar á störf tæknimennaðra manna.

Til fundarins var boðið öllum félagsmönnum TFÍ, SV og VFÍ og ríflega 50 áhugasamir félagsmenn þessara félaga mættu á fundinn.

Seinni fundurinn í boði STFÍ var hádegisnámskeið sem haldið var þriðjudaginn 23 febrúar. Umfjöllunarefnið bar yfirskriftina: „Viðskiptasiðfræði“ og var fyrirlesari Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur við lagadeild HR. Fundarefnið var í stórum dráttum hin siðferðilegu sjónarmið sem skal ávallt hafa í huga við rekstur fyrirtækja og þá sérstaklega í samskiptum við starfsfólk og viðskiptavini.

Öllum félagsmönnum TFÍ, SV og VFÍ var boðin þátttaka og mættu rúmlega 60 áhugasamir félagsmenn þessara félaga á fundinn.

Stjórn STFÍ er mjög ánægð með hvernig til tókst eins og áður.

### Rekstrarreikningur STFÍ 2009

	2009	2008
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	440	465
Námskeiðsgjöld	0	105
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>440</b>	<b>570</b>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Námsskeiðskostnaður	502	420
Kostnaður vegna kjarakönnunar	48	0
Annar kostnaður	56	57
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>606</b>	<b>477</b>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	-166	93
Óráðstafað eigið fé	1.398	1.564

### Stjórnarfundir TFÍ

Magnús Þór Karlsson og Ingvar Blængsson hafa setið stjórnarfundir TFÍ til skiptis, þ.e. annað hvort skipti. Einnig hefur formaður sótt nokkra fundi.

### Fjárhagur STFÍ

Fjárhagur STFÍ er góður eins og fyrri ár.

### Framtíð STFÍ

Stjórn STFÍ ætlar að halda áfram á svipaðri braut með fyrirlestrum og hugsanlega námskeiðum fyrir félagsmenn.

*Daði Ágústsson, formaður.  
Magnús Þór Karlsson, gjaldkeri.  
Ingvar Blængsson, ritari.*

## Ársskýrsla KTFÍ

### Í stjórn félagsins eru:

Þór Sigurþórsson, formaður  
Jón Ísaksson Guðmann, varaformaður  
Haraldur Sigursteinnsson, gjaldkeri  
Samúel S. Hreggviðsson  
Árni Þór Árnason  
Karl Jensson  
Vilberg Tryggvason

### Varamenn í stjórn KTFÍ:

Bjarni Bentsson  
Hreinn Ólafsson

Starfsárið hefur verið annasamt á ýmsum sviðum og margir félagsmenn hafa leitað eftir aðstoð félagsins. Einkum þó hafa margir óskað eftir lögfræðiaðstoð vegna innheimtu vangoldinna launa úr ábyrgðarsjóði launa og annarra launatengdra greiðslna úr þrotabúum fyrirtækja. Einnig hafa félagsmenn óskað eftir lögfræðialitum á óeðlilegum og eða ólöglegum uppsögnum. Einstaklingsmál voru að öðru leyti leyst með aðstoð skrifstofu félagsins.

Mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins hafa dregið verulega úr starfsemi sinni. Sum hafa sótt verkefni erlendis og farið undir stjórnir erlendra fyrirtækja eða banka. Ekkert virðist vera að gerast hjá stjórnvöldum til að koma atvinnulífni af stað og á meðan blæðir fyrirtækjum og heimilum út.

Uppsagnir fjölda félagsmanna eru staðreynd og einnig má fullyrða að stærstur hluti félagsmanna hafi orðið kjaraskerðingum sem ekki er séð fyrir endann á.

113 tæknifræðingar voru á atvinnuleysiskrá í desember 2009 og jafn margir í febrúar 2010. Telja má fullvíst að fleiri séu án atvinnu og hafi farið í nám vegna stöðu mála á vinnumarkaði. Vinna verður bug á atvinnuleysisinu með með öllum tiltækum ráðum.

Skrifstofa félagsins hefur leiðbeint og aðstoðað félagsmenn á þessum erfiðu

tímum. Nú eru rúm tvö ár síðan rekstur sameiginlegrar skrifstofu VFÍ, TFÍ, KTFÍ og SV hófst og er hún bakhjarl fyrir innra starf félaganna.

Haldnir voru 16 stjórnarfundir á starfsárinu og voru félag- og kjaramál þar fyrirferðarmest. Mikill fjöldi félagsmanna leitaði aðstoðar skrifstofunnar við gerð ráðningarsamninga og öflun upplýsinga um markaðslaun tæknifræðinga. Skrifstofan vann að því að tryggja félagsmönnum iðgjaldagreiðslur í sjúkra- og orlofssjóð félagsins en margir vinnuveitendur höfðu sleppt þeim greiðslum þar sem félagsmenn skiluðu félagsgjaldi sínu sjálfir.

Markaðslaunaráð KTFÍ var sett á fót og hafin samvinna við verkfræðinga um samræmda kjarakönnun og fjölgun kannana. Verður gerð stutt könnun í haust þar sem könnuð verða septemberlaun félagsmanna. Fást þannig launaupplýsingar á sex mánaða fresti. Hafin verður útgáfa á

markaðslaunatöflu tæknifræðinga á árinu og er það einnig hluti af samstarfi félaganna.

KTFÍ er deild innan Tæknifræðingafélags Íslands. Félagið hefur sjálfstæðan fjárhag og hefur fullt sjálfstæði til að vinna að bættum kjörum félagsmanna á hvern þann hátt sem landslög leyfa. Í því skyni fer félagið með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna um launakjör.

Félagsmenn eru nú um 927, þar af starfa um 200 hjá ríkinu og opinberum hlutafélögum, 57 hjá Reykjavíkurborg og hlutafélagsvæddum stofnunum borgarinnar, um 40 eru frá öðrum sveitarfélögum og um hafa 630 starfa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. hjá verkfræðistofum, verk-tökum, iðnfyrirtækjum o.fl.

### Kjarasamningar

Kjarasamningur KTFÍ við Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) ákvarðar kjör langflestra félagsmanna og var samið um

### Rekstrarreikningur KTFÍ 2009

	2009	2008
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	3.872	3.827
Rekstrartekjur alls	3.872	3.827
<i>Rekstrargjöld</i>		
Kostnaður vegna funda, samninganefnda og stjórnar	495	658
Lögfræðikostnaður	1.565	308
Kostnaður vegna kjarakönnunar	419	0
Erlend samskipti	277	0
Hlutdeild í kjarakostnaði	4.077	3.272
Annar kostnaður	410	83
Rekstrargjöld alls	7.243	4.321
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	-3.371	-494
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	2.038	2.166
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	-1.333	1.672
Óráðstafað eigið fé	13.527	15.561

framlengingu á honum í desember 2007 og var samið aftur í júní 2008 með gildistíma til 30. apríl 2009. Aðrir kjarasamningar á einkamarkaði gilda til loka árs 2010.

Kjarasamningar á opinberum vinnu- markaði voru lausir í byrjun vetrar 2008 og voru gerðir skammtímasamningar við ríki, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga.

**Kjarasamningur KTFÍ og FRV.** Samningurinn var undirritaður 23. júní og gildir frá 1. ágúst 2008 til 30. apríl 2009.

**Kjarasamningur KTFÍ og Ríkisins.** Gengið var frá samningi við samninganevnd ríkisins, í samvinnu með BHM, þann 28. júní 2008 þar sem gildandi samningur var framlengdur frá 1. júní 2008 til 31. mars 2009. Litlar sem engar viðræður hafa verið á liðnu starfsári.

**Kjarasamningur KTFÍ og Reykjavíkurborgar.** Samningur var undirritaður 30. nóvember 2008 og gildi frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009. Lítið hefur verið um kjaraviðræður á starfsárinu


**Kjarasamningur KTFÍ og Launanevndar sveitarfélaga.** Samningur undirritaður 2. desember 2008 og gildi frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009. Engar viðræður eru í gangi.

**Kjarasamningur KTFÍ og Orkuveitu Reykjavíkur.** Gildistími frá 1. apríl 2008 til 31. desember 2010.

## Rekstrarreikningur STFÍ 2009

	2009	2008
<i>Rekstrartekjur</i>		
lögjöld	24.161	20.177
Rekstrartekjur alls	24.161	20.177
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	4.658	6.660
Umsýslukostnaður	1.933	1.614
Annar kostnaður	354	345
Rekstrargjöld alls	6.945	8.619
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	17.216	11.558
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	7.959	7.158
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	25.175	18.716
Óráðstafað eigið fé	85.661	60.486

## Sjóðsfélagar Sjúkrasjóðs KTFÍ



**Kjarasamningur KTFÍ og RARIK ohf.** Gildistími frá 1. maí 2008 til 31. desember 2010.

Auk þess að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna þá heldur stjórn KTFÍ ásamt skrifstofu félagsins utan um kjaratengda sjóði félagsmanna. Endurskoðandi KTFÍ og sjóða KTFÍ er Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.

## Skýrsla Sjúkrasjóðs KTFÍ 2009

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Jóhannesi Benediktssyni formanni, Árna Þór Árnasyni og Helga Baldvinsyni.

Stjórn Sjúkrasjóðs hélt 6 fundi á s.l. ári og úthlutaði 67 styrkjum til félagsmanna að upphæð um 4,7 millj. kr. Um er að ræða mikla fjölgun styrkja frá fyrra ári þegar út-

hlutað var 35 styrkjum að upphæð kr. 6,7 millj. kr.

## Styrkveitingar skiptust þannig:

Dagpeningar: styrkir að upphæð 2,3 millj. kr.


Líkami og sál: 33 styrkir að upphæð 741 þús. kr.

Laseraðgerðir og gleraugu 18 styrkir að upphæð 1.159 þús. kr.

Tannviðgerðir 8 styrkir að upphæð 431 þús. kr.

Rekstrarhagnaður sjóðsins nam rúmum kr. 25 millj. kr. en innborguð árgjöld voru rúmlega 24 millj. kr. Heildareignir í árslok námu tæpum 86 millj. kr.

## Lykiltölur Sjúkrasjóðs KTFÍ



## Fjölskyldu- og styrktarsjóður KTFÍ

### Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ 2009

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Samúel Smára Hreggviðssyni, formanni, Óla Jóni Hertervig og Bjarna Bentssyni.

Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs hélt 6 fundi á s.l. ári og úthlutaði 62 styrkjum til félagsmanna að upphæð um 4,7 millj. kr. Um er að ræða aukningu frá fyrra ári þegar úthlutað var 55 styrkjum að upphæð 2,7 millj. kr.

### Styrkveitingar skiptust þannig:

Dagpeningar: 10 styrkir að upphæð 1.700 þús. kr.

Líkami og sál: 20 styrkir að upphæð 768 þús. kr.


Laseraðgerðir og gleraugu 19 styrkir að upphæð 1.229 þús. kr.

Tannviðgerðir 11 styrkir að upphæð 854 þús. kr.


Heyrnartæki 2 styrkir, að upphæð 100 þús. kr.

Rekstrarhagnaður sjóðsins nam 9,5 millj. kr. en innborguð árgjöld voru tæplega 9,3 millj. kr. Eigið fé var í árslok tæplega 56 millj. kr.

### Sjóðsfélagar Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ



### Lykiltölur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ



### Rekstrarreikningur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ 2009

	2009	2008
<i>Rekstrartekjur</i>		
Löggjöld	9.284	7.695
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>9.284</u>	<u>7.695</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	4.651	2.676
Umsýslukostnaður	743	616
Annar kostnaður	339	246
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>5.733</u>	<u>3.538</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	3.551	4.157
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	5.963	5.994
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u>9.514</u>	<u>10.151</u>
Óráðstafað eigið fé	<u>55.981</u>	<u>46.467</u>

## Vísinda- og starfsmenntunarsjóður KTFÍ

### Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ 2009

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður KTFÍ byggir á samkomulagi Kjarafélagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborg frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins, Reykjavíkurborgar og þeirra sveitarfélaga sem gert hafa samning við KTFÍ, auk starfsmanna annarra vinnuveitenda sem hafa gerst aðilar að sjóðnum, sem rétt eiga á styrkjum úr sjóðnum, samtals um 247 félagsmenn. Breytingar urðu á greiðslum til sjóðsins á síðasta samningstímabili og hafa þær kallað á breytingar á uppbyggingu og reglum sjóðsins sem unnið er að og verða þær kynntar fljótlega.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2009, er nú 25 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða. 21 umsókn var vegna Rýnisferðar og 25 umsóknir hafa verið til kaupa á tölvubúnaði, samtals 71 umsókn.

Reglur sjóðsins hafa lengi verið óbreyttar, hámarkstyrkur er nú kr. 300.000,- en þau réttindi nást eftir þriggja ára sjóðsaðild, réttindi vinnast síðan upp aftur eftir úthlutun, um kr. 100.000,- á ári. Sú breyting hefur þó verið gerð að vegna lægra iðgjaldahlut-


falls ríkisstarfsmanna að ávinnsluréttur þeirra til endurnýjunar réttinda lengist. Styrkir til tölvukaupa geta mest orðið kr. 150.000,- eða 75% af reikningsupphæð tölvubúnaðar.

Stjórn sjóðsins er nú skipuð eftirtöldum tveimur fulltrúum KTFÍ og tveimur fulltrúum vinnuveitenda; Haraldur Sigursteinsson, formaður, KTFÍ, Óli Jón Hertervig, ritari, KTFÍ, Angantýr Einarsson, f.h. fjármálaráðherra og Árni R. Stefánsson, f.h. Reykjavíkurborgar.

### Skýrsla Orlofssjóðs KTFÍ 2009

Í gildi er samningur milli KTFÍ og OBHM um að félagsmenn KTFÍ geti greitt í OBHM. Greiðslur vegna félagsmanna sem vinna hjá ríki eða borg, nokkrum sveitarfélögum og fyrirtækjum í eigu ríkis eða borgar fara beint til OBHM. Aðrir aðilar greiða í Orlofssjóð KTFÍ sem stendur svo skil á greiðslum til OBHM. Þessar greiðslur voru á árinu 2009 fyrir 147 félagsmenn og komu frá 80 fyrirtækjum.


### Sjóðsfélagar Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ



### Rekstrarreikningur Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ 2009

	2009	2008
<b>Rekstrartekjur</b>		
Iðgjöld	18.736	16.259
Rekstrartekjur alls	18.736	16.259
<b>Rekstrargjöld</b>		
Styrkir	11.117	6.750
Umsýslukostnaður	1.499	1.301
Annar kostnaður	506	502
Rekstrargjöld alls	13.122	8.553
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	5.614	7.706
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	6.443	6.157
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	12.057	13.863
Óráðstafað eigið fé	60.779	48.722

### Lykiltölur Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ



## Viðburðir 2009 – 2010

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu VFÍ, TFÍ eða allra félagsanna þriggja; VFÍ, TFÍ og SV. Flestum viðburðum eru gerð skil hér en einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu TFÍ, í Verktækni og Árbók félagsins.

27. mars 2009

**Kynning fyrir meistaranema við HÍ.**

28. mars 2009

**Ganga á Móskaðshnjúka**

31. mars 2009

Fundur Kvinnanefndar VFÍ.

**Það býr sigurvegari í þér! Um viðhorf og venjur þeirra sem ná árangri.**

Fyrirlesari: Kolbrún Ragnarsdóttir.

3. apríl 2009

**Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.**

Vinnuhópur á vegum VFÍ, TFÍ og SV.

8. apríl 2009

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

**Snjóflóðavarnir.**

Jón Skúli Indriðason, jarðverkfræðingur.

29. apríl 2009

Samlokufundur.

**IDA – atvinnuástand í Danmörku og Engcard.**

Lars Bytoft, formaður IDA og Ib Obstrup framkvæmdastjóri.

29. apríl 2009

**Heimsókn RVFÍ til Marorku.**

2. maí 2009

**Ganga á Kerhólakamb.**

8. maí 2009

Ráðstefna VFÍ, TFÍ og SV

**Nýsköpun í verki** – um framsækin fyrirtæki í tæknigreinum.

8. maí 2009

**Vettvangsferð BVFÍ á tjonasvæði Suðurlandskjálftans og fyrirhugað virkjunarsvæði Urriðafossvirkjunar í Þjórsá.**

19. maí 2009

**Aðalfundur BVFÍ.**

19. maí 2009

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

**Verkfræðingar og þróunarvinna.**

Arndís Ósk Ólafsdóttir, verkfræðingur.

28. maí 2009

**Aðalfundur VVFÍ og heimsókn í Sorpu.**

28. maí 2009

**Aðalfundur RVFÍ.**

17. júní 2009

**Ganga á Hvannadalshnjúk.**

skipulögð af VFÍ.

1. júlí 2009

**Samráðsfundur VFÍ, TFÍ, SV og KTFÍ.**

16. júlí 2009

**Kynning á störfum í Noregi.**

Jóhann Gunnar Gunnarsson, verkfræðingur.

19. – 21. ágúst 2009

**Heimsókn TEKNA.**

20. ágúst 2009

**Verktækni golfmótið á golfvöllinum Kiðjobergi.**

26. ágúst – 30. ágúst 2009

**Rýni 2009 - Námsferð til Noregs.**

Skipulögð af TFÍ.

24. september 2009

Samlokufundur.

**Innlend orka í samgöngum.**

Teitur Þorkelsson, framkv.stj. Framtíðarorku.

25. september 2009

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

**Kortagerð og vegaslóðar.**

Kristinn Guðmundsson, verkfræðingur hjá Samsýn.

3. október 2009

**Skoðunarferð í Kárahnjúkavirkjun.**

Fararstjóri: Guðmundur Pétursson, yfirverkefnisstjóri.

9. október 2009

Málþing VFÍ.

**Siðferðislegar skyldur verkfræðinga.**

17. október 2009

**Haustferð NVFÍ og NTFÍ til Siglufjarðar.**

30. október 2009

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

**Ábyrgð byggingarstjóra.**

Magnús Baldursson, framkv.stj. FRV.



5. nóvember 2009

Samlokufundur.

**Jarðhitaauðlindin – staða mála.**

Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri.

10. nóvember 2009

Samlokufundur.

**Evrópumálin í hnotskurn.**

Kristján Vigfússon, forstöðumaður Evrópufræða við HR.

Fundurinn skipulagður af STFÍ.

12. nóvember 2009

Námskeið.

**Komdu þér á framfæri.**

Andrés Jónsson, almannatengill.

13. nóvember 2009

**Móttaka KVFÍ fyrir konur í verkfræðinámi.**

19. nóvember 2009

**Heimsókn RVFÍ til CCP.**

26. nóvember 2009

**Heimsókn KVFÍ til Nýsköpunarmiðstöðvar.**

27. nóvember 2009

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

**Gerðardómur VFÍ og framtíð hans.**

Viðar Ólafsson, verkfræðingur.

10. desember 2009

Samlokufundur.

**Jöklar á Íslandi.**

Helgi Björnsson, jöklafræðingur.

16. desember 2009

**Samráðsfundur stjórna SV, TFÍ, VFÍ.**

14. janúar 2010

Samlokufundur.

**Nýjar námsbrautir hjá EHÍ.**

Ragna Haraldsdóttir, verkefnisstjóri EHÍ.

22. janúar 2010

**Kynning fyrir nemendur í tæknifræði við HR.**

29. janúar 2010

**Kynning fyrir nemendur í verkfræði við HÍ.**

6. febrúar 2010

**Árshátíð VFÍ.**

9. febrúar 2010

Samlokufundur.

**Kynning frá NMÍ.**

Þorsteinn Sigfússon, forstjóri NMÍ og Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri.

11. febrúar 2010

Kynningarfundur samninganefnda SV og KTFÍ.

**Staðan í samningum við FRV.**

23. febrúar 2010

Hádegisnámskeið á vegum STFÍ.

**Viðskiptasiðfræði.**

Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur.

23. febrúar 2010

**Aðalfundur STFÍ.**

24. febrúar 2010

**Hóf KVFÍ til heiðurs Áslaugu Haraldsdóttur, verkfræðingi.**

25. febrúar 2010

**Bridgekvöld VFÍ og TFÍ.**

26. febrúar 2010

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

**Uppbygging á jarðskjálftasvæðum.**

Júlíus Sólnes, verkfræðingur.

5. mars 2010

**Vinnufundur um siðareglur VFÍ.**

5. mars 2010

**Kynning fyrir nemendur í HR.**

13. mars 2010

**Aðalfundur NTFÍ og Síldarkvöld.**

13. mars 2010

**Aðalfundur NVFÍ og Síldarkvöld.**

17. mars 2010

**Aðalfundur VFÍ.**

18. mars 2010


**Aðalfundur KTFÍ.**

23. mars 2010

**Aðalfundur SV.**

25. mars 2010

**Aðalfundur TFÍ.**



**Tæknifræðingafélag Íslands**

skrifstofa@verktaekni.is    [www.tfi.is](http://www.tfi.is)  
Engjateig 9    IS - 105 Reykjavík